

Við erum hér:

Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík

Sími: 800 4040

Opnunartími: Mánudaga til fimmtudaga 9-16
og föstudaga 9-14

Netfang: radgjof@krabb.is

Vefsíða: www.krabb.is

Glerárgötu 24, Akureyri

Sími: 461 1470

Opnunartími: Mánudaga til fimmtudaga frá 9-15
og föstudaga 9-12

Netfang: kaon@krabb.is

Vefsíða: www.kaon.is



Júní 2026



Stuðningur og ráðgjöf

Við erum til staðar fyrir þig og þína



Við bjóðum öllum sem greinast með krabbamein stuðning, ráðgjöf og fræðslu. Þjónustan er einnig ætluð aðstandendum þeirra sem greinast og þeim sem hafa misst ástvin úr krabbameini.

Markmið okkar er að aðstoða fólk við að ná jafnvægi í daglegu lífi í kjölfar þeirra breytinga sem greining krabbameins veldur. Dyr okkar standa opnar svo lengi sem þörf krefur.

Hjá okkur starfa reynslumiklir hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar og félagsráðgjafar og stuðningur er veittur á íslensku, ensku, pólsku og þýsku.

Fjarlægð er engin hindrun og við nýtum fjarfundarbúnað til að bjóða viðtöl, streyma viðburðum og halda námskeið. Fagaðilar okkar fara einnig reglulega út á land og bjóða stuðning í heimabyggð.

Fyrsta skrefið getur reynst erfitt, en við tökum vel á móti þér. Kíktu við og kynntu þér það sem er í boði.

Þjónustan er ókeypis.

Margir upplifa óvissu eftir greiningu krabbameins og glíma við erfiðar hugsanir og tilfinningar á borð við kvíða, sorg og jafnvel reiði. Krabbamein getur reynt á ýmsa þætti, eins og samskipti við aðstandendur. Stundum getur líka verið gott að fá ráðgjöf varðandi samtöl við börn og unglinga um krabbamein.

Öll erum við ólík og misjafnt hvaða leiðir henta til aðstoðar. Mikilvægast er að þú finnr út hvað virkar best fyrir þig. Þar erum við tilbúin að rétta hjálparhönd.

Meðal þess sem við bjóðum upp á:

- Einstaklings-, para- og fjölskylduviðtöl
- Fjarviðtöl og símaráðgjöf
- Margvísleg námskeið, fjarnámskeið og djúpslökun
- Hagnýtar upplýsingar um félagsleg úrræði og réttindi í veikindum
- Dvöl í íbúðum félagsins gegn vægu gjaldi fyrir þau sem sækja meðferð á Landspítala og hafa búsetu á landsbyggðinni
- Fræðsla um helstu tegundir krabbameina, einkenni og meðferðir

